



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 65

Febrúar 1998

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn kl. 20:30
24. febrúar 1998 í sýningarsal Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kaffi.
3. Úr gullastokki Valda rakara; Myndasýning
Astvaldur Guðmundsson

AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður þriðjudaginn 24. febrúar 1998. Samkvæmt lögum félagsins verður dagskrá aðalfundar sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Kjör heiðursfélaga, ef tillögur liggja fyrir.
3. Flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.
5. Lagabreytingar, ef einhverjar eru.
6. Kosning stjórnar samkvæmt 4. grein laga.
7. Kjör valnefndar.
8. Kosning endurskoðenda.
9. Önnur mál.

Eftir kaffihlé verða sýndar nokkrar gullfallegar myndir Valda rakara, sem skýra m.a. hvers vegna við heillumst svona af jöklum.

SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 1997

Jöklamælingamenn hafa skilað umsögnum um jökulsporða á 41 stað. Af þeim hopuðu 26, 7 ganga fram en 3 standa í stað. Við Virkisjökul verður enn sem áður ekki fundinn skýr jaðar og því ekki unnt að mæla hve mikil hann hopaði en ljóst er að hann gekk ekki fram. Merki við Gljúfurárjökul í Skíðadal voru horfin í snjó svo mælingin öðlast sitt gildi þegar merkin koma undan snjó næsta haust. Endurvakin var mæling við Loðmundarjökul í Kerlingarfjöllum og við Blágnípujökul í Hofsjökli og einnig bætt við nýjum mælistað við Kirkjujökul í Langjökli undan Fjallkirkjunni eins og sagt var frá í fréttabréfi nr. 64.

Meðan ró færist yfir flesta jöklum landsins sem hafa farið hamförum að undanförnu sér Drangajökull um fréttaeftni nú um stundir. Ekki hefur hann enn numið staðar í Leirufirði og gekk fram um 170 m á árinu. Samtals er framrásin orðin 945 m síðan 1995. Á árunum 1939-1942 gekk jökkullinn fram um réttan einn km en hopaði svo um 1,3 km fram til 1995. Má segja að þessi 300 m mismunur gefi vísbendingu um hve mikil jökkullinn í heild hefur rýrnað s.l. hálfu öld, að því tilskildu, að nú sé jökkullinn sestur að um sinn.

Jökkullinn í Kaldalóni tók mikinn kipp og gleypti nokkur jöklamerki svo leita verður til margra áratuga gamalla merkja til viðmiðunar. Þessi roka skilaði jökkuljaðrinum meira en hálfan km fram. Er það miklu meira en við framganginn þar á árunum 1936-1940 sem var einungis tæplega 200 m. Í millitisðinni hopaði jökkullinn um tæplega 1,5 km og á því talsverðan spöl eftir að ná fyrri mörkum enda er hann enn á hreyfingu að sögn heimamanna.

Reykjarfjarðarjökull hopaði að venju en sprungur uppi undir ísaskilum, sem koma fram á ágætum myndum frá Agli Ibsen flugmanni og Presti Jóhannessyni

jöklamælingamanni sýna að hann er ekki í rónni, en hvort og hvenær það skilar sér niður á sporð er ekki vitað.

Merkilegur er sá munur sem kemur fram á framhlaupsjöklum úr Vatnajökli annars vegar og Drangajökli hins vegar. Það tók Síðujökul ekki nema um 3 mánuði að ganga fram rúmlega 1 km en Tungnárjökul um 9 mánuði. Svipað verk tekur Leirufjarðarjökul og Kaldalónsjökul um 4 ár. Enn hefur fræðimönum ekki tekist að leysa úr öllum spurningum sem vaknað hafa um framhlaupsjöklra en íslenskir jöklar eru vænlegir til rannsókna á slíku.

Nú hopa Hyrningsjökull í Snæfellsjökli og Sólheimajökull annað árið í röð. Þeir hafa lengst af verið mjög eindregnir í viðbrögðum við veðurfari og treysti ég því að þeir hopi enn a.m.k. næstu 3 ár vegna þess að afkoma jöklar undanfarið gefur tilefni. Loftslag víðast á norðurhveli hefur farið hlýnandi nánast alla þessa öld en a Íslandi er því öðruvísi farið. Eftir hlýindi á 4. áratugnum hefur kólnað nánast jafnt og þétt hér á landi þar til allara síðustu ár. Nú trúi ég að við séum að fá okkar skerf af ylnum, enda væri ekki annað sanngjarn. Að vísu er náttúran betur þekkt að öðru en sanngirni.

Oddur Sigurðsson

FERÐ Á GRÍMSFJALL

Það var ágæt veðurspá fyrir helgina 16.-18. janúar 1998 þannig að við nokkrir félagar úr Jö.r.f.Í. ákváðum að kanna leiðina upp Tungnárjökul. Við gistum í Jökulheimum aðfaranótt laugardags. Þangað var gott færi, 10-20 cm þykkur snjór á leiðinni. Lagt var af stað í birtingu á laugardagsmorgun og fórum við inn að jöklri við Nýjafell töluvert sunnar en farið var fyrir framhlaup jöklulsins 1994. Jökuljaðarinn var mjög brattur eftir þær hamfarir og ekki vitað hvernig væri að komast upp á sporðinn. Gekk vel að komast þá leið upp á jaðarinn. Við urðum þó að krækja fram hjá útflöttum sprunguhau sum og fórum inn að Kerlingum svipaða leið og farið var með húsið 1994.

Er komið var austur fyrir Kerlingar var komið fegursta veður og 20 stiga frost. Stefnan var tekin á norðvestanverð Grímsvötn. Á leiðinni var mælt snjódípi við tvær stikur í 1400 og 1500 m y.s. og reyndist það vera 1,5 m við neðri stikuna og 2 m á hæri staðnum.

Síðan var haldið niður í Grímsvötnin að norðvestanverðu til að mæla hæð þeirra. Reyndist vatnshæðin vera í um 1400 m y.s. Á leiðinni niður í vötnin fell útihitamælirinn hratt og er komið var að mastrinu við borstaðinn stóð hann í 38 stiga frosti. Það var sérstök tilfinning að vera í svona kulda því ekkert okkar hafði komið í svona mikið frost nema Sverrir Hilmars og Haflidi Bárður Grænlandsjökulsfarar, en þeim fannst mikið til um þetta.

Pá var haldið upp úr vötnunum að austanverðu og komið á Grímsfjall um kl. 15. Þar var frostið 26 stig og strekkingur. Skálinn var heitur og notalegur í að

koma. Því sem eftir lifði dags var eytt í gufubað, góðan mat og myndatöku.

Sunnudagsmorgunninn var fagur, 28 stiga frost og logn. Eitthvað fór kuldinn í pirrurnar á bílunum því að enginn þeirra fór hjálparlaust í gang.

Á heimleiðinni mældum við yfirborðshæð jökulsins niður í 1400 m y.s. Reyndist jökullinn víða hafa lækkað um 40-50 m síðan fyrir framhlaup Síðu- og Tungnárjökuls. Þaðan fórum við suður að Pálsfjalli en þar hafa orðið miklar breytingar undanfarin ár. Geilin umhverfis fjallíð er nánast horfin og stórar sprungur eftir umbrotinn 1994 rétt sjánlegar. Vegna þess hve yfirborð jökulsins hefur lækkað sjást nú Kerlingar og Pálsfjall mun víðar að en áður.

Ástvaldur Guðmundsson

FRÁ SKÁLANEFND

Ákveðið var í stjórn félagsins að gisti gjald verði sem hér segir:

Í Jökulheimum 800 kr./nóttin

Á Grímsfjalli 1000 kr./nóttin

Í öðrum skálum 500 kr./nóttin

Lyklavarsla er hjá neðangreindum mönnum og félögum:

Ástvaldi Guðmundssyni (s. 568 6312/557 7616) Rakarastofunni Dalbraut 1 í Reykjavík,

Alexander Ingimarssyni (s. 587 5600/554 4403)

4X4 klúbbnum á Akureyri (s. 462 7233/462 7053)

Flugbjörgunarsveitinni Hellu (s. 487 5940/487 6511) og

Völundi Jóhannessyni á Egilsstöðum (s. 471 1200/471 1315).

Skálanefnd